

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Miðvikudaginn 9. maí 2007 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 8⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Halldór Ólafsson, Sigríður Gestsdóttir, Erla Jónsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen, oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2006

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarsjóðs og B-hluta stofnana til síðari umræðu. Rekstrarniðurstaða samstæðu ársreikningsins sýnir 67,2 milljóna króna jákvæða niðurstöðu en það er 28,5 milljónum króna betri niðurstaða en endurskoðuð fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir. Rekstrartekjur samstæðu námu tæpum 350 milljónum króna og höfðu aukist um 17% milli ára. Skatttekjur sveitarsjóðs að meðtöldu framlagi jöfnunarsjóðs námu 240,9 milljónum og höfðu aukist um tæp 22% frá fyrra ári. Rekstrargjöld samstæðunnar námu 325 milljónum og höfðu lækkað lítillega frá fyrra ári. Handbært fé jókst um 83,8 milljónir milli ára eða um 14%. Skuldir og skuldbindingar námu 415,8 milljónum en þar af námu langtímaskuldir sveitarsjóðs 56,8 milljónum og lífeyrisskuldbindingar 71,8 milljónum. Í skýringum með ársreikningi kemur fram að laun og launatengd gjöld án breytinga á lífeyrisskuldbindingum námu 52,7% af rekstrartekjum og rekstrargjöld án fjármagnsliða námu 95,3% af rekstrartekjum. Rekstrartekjur samstæðu voru 655 þús á íbúa og rekstrargjöld 568 þús.

Hreppsnefnd fór yfir ársreikningin en samþykkti hann síðan og áritaði.

2. Atvinnumál

Umræður urðu um atvinnumál.

3. Bréf:

a) Örnefnanefndar v/nafn á sveitarfélagið dags. 27. apríl 2007.

Í bréfinu kemur fram að Örnefnanefnd mælir með að nafnið Skagaströnd sé notað um sveitarfélagið. Einnig hafði borist álit lögfræðings félagsmálaráðuneytisins sem bendir á að nota verði stjórnsýsluheiti í eða með nafninu.

Umræður urðu um nöfn sveitarfélaga og hvort ástæða sé til að breyta nafni Höfðahrepps og gera könnun á viðhorfum íbúa í tengslum við alþingiskosningar 12. maí nk. Samþykkt að láta fara fram könnun á viðhorfum íbúa þar sem spurt verði hvort viðkomandi vilji láta breyta nafninu í Sveitarfélagið Skagaströnd í stað nafnsins Höfðahreppur.

b) Impru nýsköpunarmiðstöðvar, dags. 20. apríl 2007.

Í bréfinu er fjallað um námskeiðið Sóknarbraut 2007 og greint frá hvernig námskeiðið hafi gengið og jafnframt leitað eftir stuðningi við námskeiðið í hlutfalli við þátttakendur úr sveitarfélaginu.

Erindið var samþykkt.

4. Önnur mál

Umræður urðu um Kántrýútvarpið og samþykkt að styðja við rekstur þess með ákveðnum hætti.

Umræður urðu um notkun eignarinnar Bjarmaness þar sem ekki hafa orðið viðbrögð við auglýsingu um að eignin sé til leigu. Ákveðið að fela oddvita og sveitarstjóra að koma með tillögur um not eignarinnar þar sem markmiðið sé að opna húsið í sumar fyrir sýningarhald eða aðra menningarstarfsemi.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 12⁰⁵

Adolf H. Berndsen
(sign)

Sigríður Gestsdóttir
(sign)

Halldór Ólafsson
(sign)

Birna Sveinsdóttir
(sign)

Erla Jónsdóttir
(sign)

Magnús B. Jónsson
(sign)